Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps **3.árg. 2.tbl. mars 2023**

Hornsteinn 60 ára afmælissýning Listasafns Árnesinga

Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Pistill frá sveitarstjóra

Fjölmiðlaumfjöllun er töfraorðið í febrúar en virkjanamál um land allt, þá sérstaklega í okkar sveitarfélagi, hafa farið hátt í fjölmiðlum síðustu vikurnar. Það er ótrúlegt að hugsa til þess hversu gríðarlega mikil verðmæti hafa orðið til í sveitarfélaginu okkar síðustu 54 ár, og uppgötva hversu lítið situr eftir í raun í nærsamfélaginu. Síðustu mánuði hef ég vakið máls á því hversu rangt hefur verið gefið í þessum málum, svo það var ánægjulegt að fá staðfestingu KPMG á því hver er raunverulegur fjárhagslegur ávinningur af orkuvinnslunni, eða við ákveðnar aðstæður, beint fjárhagslegt tap sökum úthlutunarreglna jöfnunarsjóðs. Þessar ábendingar hafa orðið til þess að koma umræðunni um nærumhverfi orkuvinnslu í landinu uppá yfirborðið af miklum þunga. Ég get ekki séð annað en að leikreglunum verði breytt í þá átt að nærsamfélagið fari að njóta sambærilegs ávinnings af þessari vinnslu og af allri annarri atvinnustarfsemi. Verði sú raunin á mun það gjörbreyta samfélaginu okkar til hins betra. Við munum geta hafið uppbyggingu á innviðum í samræmi við nútíma kröfur og skapað eftirsóknarverðar aðstæður til búsetu í sveitarfélaginu okkar. Á sveitarstjórnarfundi þann 15. febrúar lagði sveitarstjórn fram bókun þar sem tekið er fram að orkuvinnsla þjónar ekki hagsmunum sveitarfélagsins í óbreyttri mynd. Stjórn samtaka Orkusveitarfélaga hefur tekið undir þá bókun og sendi út fréttatilkynningu tengt því. Sveitarélög eru að sameinast um að staldra við í skipulagsmálum tengt virkjanaáformum til að knýja fram breytingar á lögum um orkuvinnslu sem tryggir nærumhverfinu ábata af starfsseminni, eins og er raunin með allri annarri atvinnustarfssemi. Sameinuð munum við ná árangri sem bætir lífskjör á landsbyggðinni.

Við héldum íbúafund um Hvammsvirkjun þann 15. febrúar og var góð mæting. Þar fór ég yfir það hvar við stöndum í ferlinu á umsókninni um framkvæmdaleyfið. Ég vil árétta að þetta snýst ekki lengur um það hvort við erum með eða á móti Hvammsvirkjun. Núna ber okkur að fara eftir lögum um veitingu framkvæmdaleyfa, tryggja að öll gögn séu í samræmi við samþykkt skipulag og tryggja að framkvæmdin fari fram eftir settum reglum. Ef það verður niðurstaðan eftir yfirferð gagnanna þá ber okkur skylda að veita framkvæmdaleyfið.

Ég horfi mikið til þeirra tækifæra sem eru framundan í samfélaginu hjá okkur. Sjálfur er ég ekki mikið fyrir að eyða orkunni í að horfa í baksýnisspegilinn. Ég vill horfa björtum augum til framtíðar og reyna að hámarka þau tækifæri sem eru framundan í samfélaginu. Uppbygging Rauðukamba í Þjórsárdal skapar stærsta vinnustað

sveitarfélagsins og ferðamönnum mun fjölga mikið. Það býr til forsendur fyrir fjölbreytta þjónustu og afleidd störf. Með tilkomu Hvammsvirkjunar og samgöngubótum sem fylgja henni, mun landfræðileg staða Árness verða allt önnur. Árnes verður miðpunktur ferðamennsku á Suðurlandi sem getur skapað fjölmörg tækifæri sem er undir okkur komið að nýta. Ég átti fund með forstjóra Landsnets varðandi áhrif af tengipunkti sem rætt hefur verið um að komi með tilkomu Hvammsvirkjunar. Ávinningur af þessum tengipunkt verður tvíþættur. Hann skapar ekki einungis forsendur fyrir því að afhenda orku til atvinnustarfssemi sem þarf mikla orku, heldur mun hann gjörbylta raforkuöryggi allra íbúa í sveitarfélaginu okkar. Það má segja að í Árnesi skapist eitthvert mesta öryggi í raforkuafhendingu á öllu suðurlandi. Það vegur þungt þegar kemur að því að byggja upp fjölbreytta atvinnu til frambúðar í sveitarfélaginu.

Það er ánægjulegt að segja frá því að verndarskýrsla Þjórsárdals kláraðist í lok febrúar og er að fara í 6 vikna kynningarferli. Að þeim tíma loknum tekur hún gildi og rammar inn verndun Þjórsárdalsins og hvernig uppbygging mun eiga sér stað á næstu árum. Ég tel að Þjórsárdalur eigi eftir að verða mikið aðdráttarafl og skapa fjölmörg störf við uppbyggingu innviða og þjónustu á svæðinu.

Það hefur mikil vinna verið í gangi í stýrihópi skólaþingsins. Starfið sem hófst í haust er nú langt komið og styttist í það að við sjáum afraksturinn og samþykkjum heildstæða skólastefnu til framtíðar í sveitarfélaginu okkar. Ég tel að skólastefnan verði hjartað í því að byggja upp fjölskylduvænt samfélag og verði grunnurinn að því að við sameinumst um þá menntun sem við ætlum að bjóða börnunum okkar uppá í framtíðinni.

Verkefnin á skrifstofunni hafa verið fjölmörg. Við höfum náð góðum árangri í að taka til okkar verkefni sem voru að hluta til í aðkeyptri ráðgjöf. Sveitarstjórn samþykkti í byrjun árs að bæta við 50% starfi á skrifstofuna til að auka afköst. Hildur Hjálmsdóttir hóf störf á skrifstofunni í byrjun febrúar og erum við nú betur í stakk búin til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem eru í gangi.

Það stóð til að halda íbúafund um þróun byggðar í Árnesi í lok febrúar. Leikfélagið var á fullu í undirbúningi á leiksýningunni og það kom þeim vel að fá að hafa salinn til æfinga. Einnig hentaði vel að fá aðeins lengri tíma til að undirbúa fundinn. Við tókum þá ákvörðun að seinka íbúafundinum fram til þriðjudagsins 14. mars kl. 20:00.

Í febrúar var listasýningin Hornsteinn opnuð í tilefni 60 ára afmælis Listasafns Árnesinga. Frábær sýning sem ég hvet alla til að heimsækja og sjá hversu öflugt Listasafn Árnesinga er.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson

Flúðaskóli sendir kærar þakkir

Dagana 5. febrúar – 9. febrúar komu 40 danskir nemendur frá Holbæk Lilleskole í heimsókn í Flúðaskóla.
Danirnir fengu svo sannarlega að upplifa það þessa daga sem þeir dvöldu hér að á Íslandi þarf maður stundum að taka u-beygju í öllum áætlunum og taka því sem að höndum ber. Lokuð brú, óútreiknanlegt veðurfar og einn daginn nær engir nemendur í skólanum sem þeir voru að heimsækja, sýndi þeim að náttúran ræður og ekkert annað í boði en að taka því sem að höndum ber.

Skemmst er frá því að segja að samfélagið í kringum elstu bekki í Flúðaskóla tók afskaplega vel á móti dönsku nemendunum þrátt fyrir þessar skrýtnu aðstæður á stundum.

Okkur langar að þakka fyrir frábærar móttökur heimilanna í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi í 9. og 10. bekk sem buðu nemendum heim þar sem nokkur heimili buðu upp á ógleymanlega upplifun, mat og gistingu.
Flúðaskóli þakkar Flúðasveppum fyrir frábæra móttöku dönsku nemendanna og kynningu á starfi Flúðasveppa.
Flúðaskóli vill jafnframt koma á framfæri þökkum fyrir frábæra þjónustu íþróttahússins á Flúðum sem og Félagsheimilis Hrunamanna þar sem þau fengu afar góðar móttökur og not af allri aðstöðu félagsheimilisins.
Svona samstarf innan samfélagsins er ómetanlegt fyrir skólann.

Kærar þakkir

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja verður haldinn í Árnesi þriðjudaginn 28. mars klukkan 20:30.

Dagskrá

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosningar samkvæmt lögum félagsins
   Kaffihlé
4. Fræðsluerindi (nánar auglýst síðar)
5. Önnur mál

REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Gæludýrafóður, olíuvörur, vinnugallar og fleira!

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Afreksmaður í íþróttum

Gísli Viðar Oddsson frá Stöðulfelli keppti á dögunum á Norðurlandameistaramóti í eldri aldursflokkum í Laugardagshöll og keppti í þremur greinum, langstökki, hástökki og þrístökki. Gaman að segja frá því að hann vann gull í öllum sínum greinum, og er því Norðurlandameistari í sínum aldursflokki 2023.

Til hamingju Gísli Viðar!

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Leikskólalífið í Brautarholti.

Af leikskólanum er allt gott að frétta. Með hækkandi sól og birtu erum við strax farin að nýta tímann vel úti. Starfsfólk leikskólans hefur verið að stúdera leikskólalóðina mikið síðustu vikur og munum við skila inn tillögum leikskólans að bættu útileiksvæði til sveitarstjórnar og skólanefndar núna á næstunni.

Það munu bætast við tvö ný börn eftir páskafrí og ennþá fleiri í haust. Það er því ekkert lát á barnalániinu hér í sveit. Við erum hinsvegar ennþá að leita að starfsfólki sem gæti hafið störf sem fyrst. Við erum að leita af fólki í 100% starfshlutfall annarsvegar og einnig í hlutastarf. Endilega bendið góðu fólki að hafa samband við leikskólastjóra ef áhugi er fyrir hendi.

Við höfum verið einstaklega heppin en það hafa verið lítil forföll á starfsfólki og skólastarf hefur raskast lítið sem ekkert það sem af er skólaárinu. Börnin hafa ekki öll verið eins heppin en þau hafa ekki farið varhluta af þeim pestum sem hafa herjað á landann þar má nefna þessa skæðu streptókokka sýkingu sem virðist hafa náð mörgum. Það er þó bjart framundan þar sem veikindum hefur fækkað mikið núna í byrjun marsmánaðar og vonandi heldur það áfram, því það er nú lítið um að vera í leikskólanum án barnanna.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af starfinu á yngstu deildinni.

Eydís Moon, *íbúi mánaðarins*

Hverra manna ert þú?
Ég heiti Eydís Moon Guðmundsdóttir, ég er fædd 16. október 1993 á spítalanum á Selfossi í snar brjáluðu veðri og rafmagnsleysi - ef einhver man eftir því, ég geri það svo sannarlega ekki! Pabbi minn er Guðmundur Birgir Pálsson fæddur 26. febrúar 1964, hann er lærður atvinnubílstjóri, radíoamatör og er einstaklega mikill fornbíla aðdáandi og er mitt eina foreldri. Hann ólst upp í Garðahrepp sem er núna Garðabær, í húsi sem hét Garðshorn, sem er ekki lengur til, frá 1964-76. Þá flytur hann austur a Selfoss og bjó þar til 1989. Þá flutti hann í burtu og fæst ekki til baka.
Afi minn hét Páll Birgir Símons 26.02 1939. Hann er fæddur í húsi sem heitir Melbrún við Fáskrúðsfjörð, hann var atvinnubílstjóri og vélamaður, byrjaði ungur á sjó en færði sig yfir í vélabrúsk. Hann var betur þekktur sem Biggi kranamaður og er oft minnst sem besta kranamanns síns tíma.
Hvar býrðu? Ég bý á Hæll 3 - húsið á hæðinni

Hvar hefur þú alið manninn?
Ég og Dagur hefjum okkar sambúð 2013 í Breiðholti, þaðan færum við okkur yfir í Vesturbæ árið 2016 og svo árið 2021 endum við í sveitinni.
Hvernig endaðir þú í sveitinni?
Til að gera langa sögu mjög stutta - Dagur var búin að tala um að fara í sveitina í allmörg ár en ég tók aldrei skrefið en við vorum alltaf með annað augað á Skeiða og Gnúpverjahreppi, enda erum við bæði alin upp í sveit og hjartað leitaði alltaf þangað. Það hjálpaði ekki til að Dagur á fjölskyldu hérna sem við heimsóttum alltaf um jólinn og stundum á sumrin. Svo gerðist það allt í einu á einum mjög góðum haust degi þar sem við fengum hús til að flytja í.
Við hvað vinnur þú hér í sveitinni?
Ég byrjaði að vinna í Leikholti sama ár og ég flutti. Ég byrjaði sem starfsmaður inni í eldhúsi, svo sem ræstikona, en svo endaði ég inn á deild og algjörlega fann mig þar.
Hvernig eyðir þú frítíma þínum?
Ég geri ekkert annað en að vesenast eitthvað. Manninum mínum finnst ég aldrei vera heima því ég þarf alltaf að skreppa eitthvað eða ferðast einhvert. En ég er oftast heima eitthvað að bardúsa. Ég elska að baka, og baka flest allt sem mér dettur í hug á öllum tímum dags. Einnig eyði ég miklum tíma með hænunum mínum. Mér þykir ofboðslega gaman að hugsa um þær og dútla við þessar púddur. Ég elska að hugsa um dýr, læra um þau og vera í kringum þau svo það ekkert svo skrítið fyrir mig að eiga 6 ketti og 15 hænur - ég bý nú út í sveit ;) Það sem ég eyði samt mest af mínum frítíma er vinnan í tölvunni. Ég hef brennandi áhuga á tölvuleikjum og að streyma þeim. Ef ég er ekki að baka, úti í hænsnahúsi eða eitthvað að vesenast með krökkunum mínum þá er ég við tölvuna.
Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?
Í minni elstu minningu þá ætlaði ég að vera kúabóndi en það snarlega breyttist í að vilja vera ökukennari eða slátrari, en einhvern veginn endaði ég sem starfsmaður í leikskóla :)



Gamla dularfulla húsið

3. Þáttur: mars.

Ég gat ekki hætt að hugsa um Andra. Bara að hugsa um það, að við búum við hliðina á staðnum þar sem Andri hvarf, gerði mig skíthræddan. Ég leit út um gluggann á herberginu mínu og starði á gamla húsið. Þarna var þessi hræðilegi gluggi.

Karlsson gekk um dimmt húsið sitt. Hann hataði myrkrið, en átti ekki annars kosta völ en að búa í því. Hann labbaði að hurðinni sem lá niður í kjallara, sveif í gegnum hurðina, gekk niður tröppurnar og henti myglaðri gulrót inn í myrkrið. „Éttu“, urraði Karlsson. Hann fór upp, sveif aftur í gegnum hurðina og læsti henni. Hann starði í gegnum gluggann á nýja fólkið í hinu húsinu. Drengurinn minnti Karlsson á hann sjálfan þegar hann var ungur. Heimskur, hræddur við það sem hann þekkti ekki og forljótur. Karlsson þráði ekkert meira núna en að skipta við strákinn. Skipta um líkama. Þá yrði hann frjáls. En ekki strax, hann var ekki tilbúinn. Hann þurfti tvo krakka í viðbót, þá yrði hann tilbúinn.

Ég reyndi að gleyma öllu sem kom fyrir Andra, en það var varla hægt. Ég horfði á þátt úr „The Last Of Us“, bingaði allar Star Wars myndirnar og gerði margt annað til að reyna að gleyma Andra, en ekkert virkaði. Einn dag hringdi dyrabjallan. Ég labbaði að dyrunum og leit út um gluggann. Hver var þetta?

Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún

Félagsvist

Þá er félagsvistinni lokið hjá Ungmennafélaginu í ár og greinilega margir sem hafa saknað þess að hittast og spila. Við í nefndinni erum ánægðar með mætinguna og viljum þakka þeim sem mættu til okkar þessi þrjú kvöld, alls 48 manns.

Á lokakvöldi var spilað á 7 borðum og urðu Tristan og Freyja Margrét stigahæst með 131 slag og 134 slagi. Það sýnir sig að æfingin skapar meistarann en Tristan hefur verið duglegur að æfa sig heima og Freyja hefur án efa fengið góð ráð frá sínum aðstoðardömum. Þau hlutu 12.000 kr. gjafabréf í Sportbæ að launum.

Tryggvi og Sigga skelltu sér á botninn með 104 og 96 slagi en Tryggvi er nýr spilari og gaman að fá hann til okkar. Óli á Birnustöðum sat lengst þetta kvöldið, líklega var hann bara að sitja og fylgjast með syninum skottast hratt á milli borða þetta kvöld.

Sigurvegarar fyrsta kvöldsins voru feðginin Villi og Freyja en þau hlutu gjafabréf frá Kalla Úr og sigurvegarar annars kvöldsins voru þau Lára Bergljót og Villi en þau fengu spil að gjöf.

Heildarverðlaun hlýtur sá sem flesta hefur slagina eftir þrjú kvöld og var það hann Villi sem hreppti þau að þessu sinni. Hlaut hann gistingu hjá Helgu og Haraldi í þeirra fínu gistihúsum. Þess má geta að þau gáfu Unmennafelaginu þennan vinning og þökkum við kærlega fyrir það.

Við vonum að allir hafi notið vel og að við sjáumst sem flest að ári.

Spilanefnd.



Vitleysingarnir

Vitleysingar á svið
Frumsýning 3. mars 2023 í Árnesi

Frumsýning leikfélagsins á leikriti vetrarins var 3. mars. Æfingaferlið hefur verið afskaplega gefandi og skemmtilegt og við hlökkum mikið til að sýna afraksturinn. Ekki láta þessa frábæru skemmtun framhjá ykkur fara!

Vitleysingarnir er fjörugt, fyndið og krassandi stykki eftir Ólaf Hauk Símonarson. Ólafur Haukur er þjóðinni að góðu kunnur fyrir sínar fjölmörgu skáldsögur, ljóðabækur og smásögur en einnig mörg vinsæl leikrit fyrir svið, útvarp og sjónvarp. Við í leikdeildinni vorum svo heppin að hafa fengið til liðs við okkur leikstjórann Ólaf Jens Sigurðsson. Ólafur Jens útskrifaðist í leikstjórn frá Bristol Old Vic Theatre School árið 2002 og er með masterspróf frá listkennsludeild Listaháskóla Íslands árið 2015. Ólafur Jens hefur leikstýrt fjölda áhugaleikfélaga um allt land við góðan orðstýr. Það hefur verið einstaklega skemmtilegt að vinna að þessari uppsetningu undir hans stjórn. Við hvetjum því ykkur, kæru sveitungar, að fjölmenna í leikhúsið og njóta menningar með okkur.

Allar sýningar verða í Árnesi sem hér segir:

Frumsýning föstudagskvöldið 3. mars 2023 kl 20:00
Önnur sýning sunnudagskvöldið 5. mars 2023 kl 20:00
Þriðja sýning fimmtudagskvöldið 9. mars 2023 kl 20:00
Fjórða sýning laugardagskvöldið 11. mars 2023 kl 20:00
Fimmta sýning sunnudagskvöldið 12. mars 2023 kl 20:00

Miðapantanir í s. 8691118 eða á gylfi1sig@gmail.com
Leikhúskveðjur, stjórn leikdeildarinnar

Hversu auðveldlega rúllar heilsuhjólið þitt?

Hérna er flott verkfæri til að horfa á lífið sem hjól sem ætti helst að geta rúllað. Hversu gott jafnvægi er á mínu lífi? Getur hjólið þitt rúllað?

Ein skilgreining á heilsu er Jákvæða heilsa (Positive Health) og sem fjallar um mikilvægi þess að sjá hlutina í samhengi – vera við stjórnina og sjá tilganginn og forðast það að fara í fórnarlambshlutverkið. Nálgunin snýst meðal annars um þrautseigju og það að vera sjálfur við stjórnvölinn.

Hvernig nota verkfærið?
Hjólið er fyllt út á þann hátt að merkt er við á vefnum hvar við erum stödd fyrir hvert svið. Ef við værum í fullu jafnvægi með öll sviðin værum við að merkja alls staðar við ysta hringinn en það gerist hjá fæstum. Þegar búið er að merkja á hjólið stöðu okkar hvað varðar öll sviðin getum við skoðað hvaða svið okkur finnst við þurfa helst að vinna með. Ekki er nauðsynlegt að byrja með það svið/þema sem fær lægst skor heldur kanski frekar það sem okkur finnst mest þörf á að bæta. Ýtarefni: Heilsuhjólið www.velvirk.is



Forvarnarstarf lögreglunnar

Elís Kjartansson lögreglufulltrúi á Selfossi ásamt 10 öðrum í lögreglunni á Suðurlandi eru með forvarnarverkefni í gangi þar sem þau heimsækja þá grunn- og leikskóla sem óska þess og munu síðan vera með fræðslu á Teams undir lok mars-mánaðar. Lögreglan ætlar að fjalla um forvarnaverkefnið sitt, þar sem hún er að fara inn í skólana með fræðslu og er markmiðið meðal annars að mynda jákvæð tengsl við börn og unglinga. Meira um þetta síðar á fésbókarhópi Heilsueflandi Uppsveita.

JÖKULL

Veturinn er búinn að fara vel af stað hjá okkur Jökulsfélögum.
Námskeiðshald er byrjað af fullum krafti bæði fyrir börn og fullorðna.
Æskulýðsnefndin er með skipulögð námskeið flest alla miðvikudaga í vetur sem og aðrar skemmtilegar uppákomur.
Sunnudaginn 5. mars verður Æska Suðurlands með skemmtilegt mót í reiðhöllinni á Flúðum og hvetjum við alla, unga sem aldna að mæta.
Mótaröðin Æska Suðurlands er samstarfsverkefni hestamanna-félaganna Ljúfs, Sleipnis, Jökuls og Geysis mun fara fram í vetur á þremur stöðum, Flúðum, Selfossi og Rangárhöllinni Hellu á eftirfarandi dagsetningum:
Sunnudagur 5. mars á Flúðum og þar er keppt í:
barnaflokkur - þrígangur og smali
Unglingaflokkur - fjórgangur V2 og smali.
Sunnudagur 19. mars á Selfossi og þar er keppt í:
barnaflokkur - tölt T7 og fimi
Unglingaflokkur - tölt T3 og fimi
Laugardagur 1. apríl í Rangárhöllinni Hellu og þar er keppt í:
barnaflokkur - fjórgangur V2 og hindrunarstökk
unglingaflokkur - fimmgangur F2 og hindrunarstökk
Fræðslunefnd Jökuls er líka búin að standa fyrir nokkrum skemmtilegum fræðsluerindum í vetur.
Haldið var á dögunum fyrsta vetramót Jökuls í reiðhöllinni á Flúðum og er Uppsveitadeildin farin í gang lika.
Hér að neðan má sjá dagsetningar á á næstu vetramótum félagsins og Uppsveitadeildarinnar.

25. mars : 2. vetrarmót Jökuls
22. apríl : 3. vetrarmót Jökuls

Uppsveitadeild

10. mars: fimmgangur
14. apríl : skeið og tölt

Báðar þessar mótaraðir eru haldnar í reiðhöllinni á Flúðum

Viljum við vekja athygli á því að allar upplýsingar sem koma frá félaginu má finna á heimasíðu félagsins www.hmfjokull.is og á fésbókarsíðu Hestamannafélagið Jökull

Kveðja
Hestamannafélagið Jökull

Makkarónur með osti

Sum ykkar í sveitinni kannast við mig, aðrir ekki, svo ég ætla að kynna mig. Ég heiti Selma og bý með Bjössa mínum og tveimur börnum í stóra hvíta húsinu í Árnesi, næstum því við hliðina á sundlauginni. Við Bjössi keyptum húsið haustið 2018 eftir árs búsetu í leiguhúsnæði. Ég fékk kennarastöðu í Þjórsárskóla sem ég sinnti í nokkur ár, en er núna að elta drauminn minn. Enn og aftur.

Þegar ég var beðin um að vera matarbloggari Gauksins þá datt mér samstundis í hug réttur sem hefur aldeilis slegið í gegn hjá krökkunum.

Makkarónur með osti.

Forsagan er sú að þegar ég hafði makkarónugraut í matinn þá töluðu börnin um Mac´n´cheese sem þeim langaði að smakka. Svo fór að ég leitaði á veraldarvefnum eftir einfalda og góða uppskrift. Leitin fór um víðan völl, þar sem ég leitaði að uppskriftum á ensku, norsku og svo á íslensku. Það má heita að ég hafði leitað langt yfir skammt, því ég fann uppskriftina á heimasíðu sykur.is.

Uppskrift fyrir 3-4:

- 1 ½ bolli makkarónur
- 170 g rifinn ostur
- ½ bolli Cheddar ostur
- 2 msk rjómi
- salt til að bragðbæta

Fyrst sjóðum við makkarónur í potti með söltu vatni, 8-10 mínútur eða þar til þær eru hæfilegar mjúkar eins og pasta á að vera.

Svo eru þær sigtaðar úr vatninu og settar aftur í pottinn, ásamt rifnum osti, Cheddar og rjóma. Ég set miklu meira af rjóma en uppskriftin segir, því ég get engan veginn skilið að 2 msk sé alveg nóg.

Hrært á meðan osturinn bráðnar.

Borða strax.

Verði ykkur að góðu.

Íbúafundur

um þróun byggðar í Árnesi

verður haldinn í Árnesi

þriðjudaginn 14. mars kl. 20:00

Framundan er vinna við að skipulegga hvernig byggðin mun þróast í Árnesi. Aðeins eru örfáar einbýlishúsalóðir lausar og fyrirliggjandi er mikil uppbygging og eftirspurn eftir húsnæði í Árnesi. Við viljum eiga samtal við íbúa um þá uppbyggingu sem er framundan og fá öll sjónarmið uppá borðið.

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

Jónas Yngvi Ásgrímsson 60 ára

Þrándur Ingvarsson 80 ára

Hver ertu, hvaðan ertu og hvers vegna tókstu við Fablab?
Ég er þrívíddarhönnuður og hef starfað sem slíkur undanfarin 15 ár, m.a. hjá Syrusson Hönnunarhúsi, ásamt því að kenna þrívíddarhönnun og aðra tölvustudda hönnun í Tækniskólanum og Fjölbrautaskólanum við Ármúla.
Í grunnin er ég gaflari (þ.e. Hafnfirðingur í 3ja karllegg) en flutti yfir Hellisheiði árið 2008 og kom mér og fjölskyldunni fyrir á bænum Hallanda í Flóahreppi, ásamt nokkrum hestum, hundum og hænum. Ég keyrði yfir heiðina allt til ársins 2018 þegar mér bauðst að taka við FabLab smiðjunni og ég sé ekki eftir því enda eitt skemmtilegasta starf sem ég hef verið í.

Hvað er FabLab?
FabLab er dregið af ensku orðunum Fabrication Laboratory og er eins konar framleiðslu tilraunastofa og stafrænt verkstæði. Hugmyndin á rætur sínar að rekja til Center for Bits and Atoms hjá MIT háskólanum í Massachusetts í Bandaríkjunum.
Markmiðið með FabLab er að auka þekkingu á persónumiðaðri framleiðslu, stafrænum framleiðsluaðferðum í iðnaði og efla nýsköpun. Þá er Fab Lab ætlað að auka tæknilæsi og almenna tæknivitund, svo og að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla samkeppnishæfni nemenda, menntastofnana og fyrirtækja.

Hvað getur maður gert í FabLab?
Í FabLab smiðjunum er búnaður til þess að láta hugmyndir verða að veruleika, með hjálp tölvustuddrar hönnunar og framleiðslutækni. Þar eru meðal annars tölvustýrðir laser-skerar, vinyl-skerar, fræsivélar, þrívíddarskannar og þrívíddarprentarar og rafeindaverkstæði svo eitthvað sé nefnt.

Hverjir mega koma og hvenær, ef það er opið fyrir almenning?

FabLab Selfoss er staðsett í verknámshúsi Fjölbrautaskóla Suðurlands/Hamri, þar sem smiðjan sinnir jafnt nemendum skólans sem og grunnskólanemum í Ársnessýslu ásamt öllum almenningi. Flesta morgna er kennsla hjá bæði FSu og grunnskólunum en eftir hádegi er meira um að almenningur og starfsfólk fyrirtækja nýti sér smiðjuna. Auk þess erum við með opið hús alla þriðjudaga frá kl.15-19 og þá er nú mikið líf og fjör. FabLab smiðjan á Selfossi hefur unnið sér sess í samfélaginu þar sem tilvist hennar gerir fólki kleift að virkja sköpunarkraftinn, þróa nýsköpunarhugmyndir og efla tæknilæsi sitt.

Eru námskeið í boði á næstunni?

Við erum alltaf opin fyrir því að halda námskeið og gerum það reglulega, bæði opin (fyrir almenning) og fyrir sérstaka hópa s.s. grunnskólakenna, starfsmenn ákveðinna fyrirtækja eða hver sem eftirspurnin er hverju sinni. Okkur langar að halda 2ja kvölda námskeið (tvö fimmtudagskvöld) þrír tímar í senn kr. 12.000 núna í mars, fyrir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps ef næg þátttaka fæst. Áhugasamir geta haft samband við mig á e-mail magnus@fls.is eða síma 6959833.

Það er okkur hjá FabLab Selfoss hjartans mál að efla tæknilæsi almennings og vera vettvangur nýsköpunar.

HRUNAPRESTAKALL

Kæru sveitungar.

Framundan eru skemmtilegar og fjölbreyttar stundir í kirkjum og fjósi sem ég vil vekja sérstaka athygli á:

12. mars:
Messa í Stóra - Núpskirkju kl. 11. Dylanmessa í Hrunakirkju kl. 20. Hljómsveitin ***Slow Train*** leikur lög meistarans og textarnir verða umfjöllunarefni messunnar.

19. mars:
Kúamessa í fjósinu í Gunnbjarnarholti kl. 20. Báðir kirkjukórarnir okkar syngja og kýrnar í fjósinu leika við hvurn sinn fingur!

Og síðan byrja fermingar vorsins og dagskrá páskanna:

2. apríl - pálmasunnudagur: Ferming í Hrepphólakirkju kl. 11.
6. apríl – skírdagur: Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11 og ferming í Hrunakirkju kl. 13:30.
7. apríl – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 13.
9. apríl – páskadagur: Hátíðarmessur. Hrunakirkja kl. 8 Stóra-Núpskirkja (ferming) kl. 11.

Ég hlakka til samfunda í kirkjunum okkar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson



Gönguleiðir á hálendinu *er komin út hjá Sölku. Bókin hefur að geyma lifandi leiðarlýsingar tæplega 30 leiða á hálendinu, nánar tiltekið að Fjallabaki og í kringum Landmannalaugar. Hverri leið fylgir leiðarlýsing, kort og GPS-hnit, fjöldi ljósmynda og upplýsingar um staðhætti og aðstæður. Þar að auki má finna sögulegan og landfræðilegan fróðleik um þær leiðir sem gengið er hverju sinni. Í bókinni er einnig hagnýtur kafli um undirbúning og fjölda góðra ráða þegar kemur að fjallgöngum og útivist.*

Jónas Guðmundsson, höfundur bókarinnar, er leiðsögumaður, landvörður og ferðamálafræðingur sem varið hefur ótal stundum á fjöllum. Hann tók snemma ástfóstri við svæðið að Fjallabaki og hefur sinnt skálavörslu í flestum skálum þar. Bók þessari er ætlað að auðvelda fólki að uppgötva dásemdir náttúru landsins á hálendinu. Staðir eins og Hvanngil, Álftavatn, Suðurnámur, Vondugil, Einhyrningur, Stóragil í Skælingum og Fossabrekkur kalla á hvern þann sem unnir náttúrunni. Og þeir kalla aftur og aftur.

Sveitarstjórn 2022-2026. 15. fundur 15. febrúar 2023 kl. 08:00 - 10:00

Mættir: Haraldur Þór Jónsson oddviti, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Karen Óskarsdóttir, Vilborg Ástráðsdóttir, Sigríður Björk Gylfadóttir í fjarveru Gunnars Arnars Marteinssonar.

Sylvía Karen Heimisdóttir ritaði fundargerð.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1.Skýrsla sveitarstjóra á 15. sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu fjórum vikum:

Nýtt skjala og málakerfi.
Rafræn skil og geymsla á gögnum.
Nýr starfsmaður á skrifstofu sveitarfélagsins.
Skóla og velferðarþjónusta Árnesþings.
Stefnumótun samtaka orkusveitarfélaga.
Skrifstofustjóri UTU.
Aðalskipulagsbreyting.
Íbúafundur Hvammsvirkjunar.
Íbúafundur um þróun byggðar í Árnesi.
Landsvirkjun kynning á raforkukerfinu og vindorku.
Málefni HSU og Laugarás.
Kynning Landsvirkjunar fyrir skipulagsnefnd UTU.
Svæðisskipulag Suðurhálendis.
Fundur með forstjóra Landsvirkjunar.
Hornsteinn - Listasafn Árnesinga.
Fundur með Orkustofnun.
Veiðiréttur í Fossá.

2. Virkjanaframkvæmdir á Þjórsár og Tungnaársvæðinu

Frá því að ný sveitarstjórn tók til starfa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 1. júní 2022 hefur mikil vinna farið í virkjanamál og málefni Landsvirkjunar. Hvammsvirkjun hefur verið fyrirferðamikil í sveitarfélaginu síðustu 20 ár og er yfirferð framkvæmdaleyfis nú í gangi hjá sveitarstjórn. Á undanförnum mánuðum hefur mikil greiningarvinna átt sér stað í sveitarstjórn um áhrif orkuframleiðslunnar á nærumhverfi okkar, og nærsamfélags orkuframleiðslu almennt. Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.

Vegna þessa leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram eftirfarandi bókun:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum, að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða. Hvammsvirkjun er einungis fyrsta skrefið af mörgum í gríðarlegum áformuðum virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar í nærumhverfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á næstu 17 árum.

Ekkert samtal hefur átt sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga sem þurfa að skipuleggja og heimila allar þessar framkvæmdir. Það er staðreynd að nærumhverfið þar sem orkan er framleidd nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af henni.

Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög. Með öðrum kosti verða engin orkuskipti á Íslandi í náinni framtíð.

3. Framkvæmdir við Skeiðalaug - 1. áfangi

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir fjárfestingu og viðhaldi á Skeiðalaug fyrir samtals 70 miljónir. Í síðari umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var eftirfarandi bókað:

Í ljósi þess að miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar í fasteignum sveitarfélagsins er mikilvægt að áður en farið verður í viðkomandi framkvæmd að lögð verði fyrir sveitarstjórn nákvæm kostnaðaráætlun og/eða tilboð í þær framkvæmdir.

Sveitarstjóri leggur því fram kostnaðaráætlun fyrir 1. áfanga framkvæmda í Skeiðalaug sem mun skapa grunninn að því að breyta Skeiðalaug í meiri heilsulindar upplifun. Markmiðið er að framkvæmdirnar klárist fyrir vorið og í framhaldi af þeim verði verðskrá endurskoðuð með það að markmiði að gera rekstur Skeiðalaugar sjálfbæran.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjarhepps samþykkir með fimm atkvæðum framlagða kostnaðaráætlun sem er innan fjárhagsáætlunar varðandi fjárfestingu og viðhald. Samþykkt er að

framkvæmdir hefjist strax.

4. Breytingar á aðalskipulagi skeiða- og Gnúpverjahrepps

Á sveitarstjórnarfundi 16. nóvember var sveitarstjóra falið að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem snýr að skilmálum rekstrarleyfis II í íbúðarhúsnæði og frístundarhúsnæði. Sveitarstjóri leggur fram skipulagslýsingu með breytingum á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir framlagða skipulagslýsingu með 5 atkvæðum og að hún verði lögð fram til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr 123/2010. Skipulagsfulltrúa UTU falið að vinna að framgangi málsins.

5. Borun á nýrri hitaveituholu í Brautarholti

Í maí 2020 var Ísor fengin til að vinna undirbúning að borun nýrrar hitaveituholu í Brautarholti þar sem núverandi hola er skemmd. Tilraun til að gera við holuna árið 2020 gengu ekki eftir og því þarf að bora nýja holu við hlið gömlu holunnar. 23. janúar 2023 sendi sveitarstjóri tölvupóst á fimm fyrirtæki þar sem óskað væri eftir verðkönnun í nýja vinnsluholu við Brautarholt með það í huga að borað yrði í sumar.

Tvö verðtilboð bárust í verkefnið, hagstæðasta verðtilboðið er að fjárhæð 11.895.439 kr. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til að semja við lægstbjóðenda.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum að taka hagstæðasta tilboði í borun nýrrar vinnsluholu fyrir heitt vatn í Brautarholti og felur sveitarstjóra að ganga til samninga um verkið. Framkvæmdakostnaður er innan fjárhagsáætlunar. Mikilvægt er að verkið klárist í sumar.

6. Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti ofl.

Lögð fram stefna og viðbragðsáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum nýja stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

7. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis á Klettum

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II- C minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II

8. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis á Blesastöðum 1

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II- C minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II

9. Minnisblað um ágang búfjár

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár.

10. Fundargerð 253. og 254. fundar skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita

Fundargerð 253. fundar.

Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting - 2301064

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014. Í breytingunni felst að skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði á viðkomandi lóð í samræmi við deiliskipulag sem lagt er fram samhliða afgreiðslu skipulagslýsingar. Fyrirspurn vegna málsins var afgreidd á fundi skipulagsnefndar þann 1.11.22 og á fundi sveitarstjórnar þann 16.11.22.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Deiliskipulag - 2301017

Lögð er fram umsókn frá Dazza ehf er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Brjánsstaða lóð 4, L213014. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu lítilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjarhrepps samþykkir með fimm atkvæðum deiliskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verður kynnt samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar þegar hún hefur hlotið samþykki sveitarstjórnar til kynningar. Mælst er til þess að leitað verði umsagnar frá stjórn

vatnsveitu Suðurfalls á Skeiðum sem vísað er til innan greinargerðar deiliskipulagsins, varðandi möguleika viðkomandi svæðis á tengingu við veituna.

Ásbrekka L166535; Deiliskipulag jarðar - 2301045

Lögð er fram umsókn frá Finni Birni Harðarsyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til jarðar Ásbrekku. Á jörðinni er m.a. stunduð skógrækt. Innan deiliskipulagsins eru skilgreindir fjórir byggingarreitir þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið með fimm atkvæðum þó með fyrirvara um uppfærð gögn er varðar skýrara orðalag byggingarheimildar á reit B4, og að deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Álfsstaðir II L215788; Nýbyggingar; Deiliskipulag - 1806055

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Álfsstaða II L215788. Í deiliskipulaginu felst heimild til uppbyggingar á íbúðarhúsi, gestahúsa, ferðaþjónustuhús, reiðhallar/hesthúss og skemmu á fjórum byggingarreitum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem taka þarf til nánari skoðunar samræmingu skilmála deiliskipulagsins við heimildir aðalskipulags.

Selhöfðar í Þjórsárdal; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2106076 Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði í mynni Þjórsárdals eftir kynningu. Innan svæðisins er gert ráð fyrir uppbyggingu á þjónustumiðstöð. Samhliða er lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem tekur til svæðisins. í breytingunni felst að sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði VÞ26 og skógræktar- og landgræðslusvæðið SL17 minnkað samsvarandi. Felld er út aðkoma að Selfit og verður hún sameiginleg með aðkomu að þjónustumiðstöð við Selhöfða. Settur er inn nýr vegur frá þjónustumiðstöð að hóteli í Reykholti. Reiðleið er færð nær Þjórsárdalsvegi á kafla en að öðru leyti er hún aðlöguð að nýjum vegi að Reykholti. Gert er ráð fyrir gönguleið frá afþreyingar- og ferðamannasvæði í Sandártungu (AF9) yfir VÞ26 og að afþreyingar- og ferðamannasvæði í Selfit (AF10). Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir aðalskipulagsbreytingu með fimm atkvæðum og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Selhöfðar í Þjórsárdal; Þjónustumiðstöð; Deiliskipulag - 2110091

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Selhöfðum í Þjórsárdal eftir kynningu. Um er að ræða deiliskipulag sem tekur til ferðamannasvæðis í Sandártungu í Þjórsárdal á um 52 ha svæði þar sem m.a. gert er ráð fyrir þjónustumiðstöð sem þjóna muni öllum Þjórsárdal. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir þjónustumiðstöð, gistihúsi/smáhúsi, aðstöðuhúsi auk salernishúsa og spennistöðvar. Umsagnir bárust á kynningartíma tillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir deiliskipulagið með fimm atkvæðum og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan breytingartillögu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem samþykkt var til auglýsingar samhliða.

Fundargerð 254. fundar.

Gunnbjarnarholt (L166549); fyrirspurn: söluhús - 2301088

Fyrir liggur fyrirspurn og umsókn frá Fjölskyldubúinu ehf., móttekin 31.01.2023, um tímabundið stöðuleyfi fyrir þrjú söluhús fyrir

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997

nýjan rekstur. Í söluhúsum verður salernisaðstaða, upplýsingamiðstöð og sjálfsalar með vörur beint frá býli á jörðinni Gunnbjarnarholt L166549 í Skeiða- og Gunnbjarnarholti.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði stöðuleyfi vegna viðkomandi húsa í samræmi við heimildir byggingarreglugerðar er varðar stöðuleyfi fyrir torgsöluhús. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ef ljóst þyki að aðstaðan verði til frambúðar umfram heimildir fyrrgreindar reglugerðar verði sótt um byggingarleyfi fyrir húsunum þegar stöðuleyfið er útrunnið.

Klettar L166589; Tvær nýjar landeignir; Stofnun lóða - 2301091

Lögð er fram umsókn frá Ásgeiri Sigurði Eiríkssyni er varðar stofnun tveggja landeigna úr upprunalandi Kletta. Annarsvegar er um að ræða 6.917 fm lóð umhverfis geymslu og hins vegar 55.896 m2 landspilu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir erindið með fimm atkvæðum þó með fyrirvara um lagfæringu gagna og betri skilgreiningu á staðföngum nýju landeignanna og að hún liggi fyrir við afgreiðslu sveitarstjórnar.

11. Fundargerðir Velferðar- og jafnréttisnefndar.

Fundargerðir 1. og 2. fundar Velferðar- og jafnréttisnefndar lagðar fram til kynningar.

12. Fundargerðir Menningar- og æskulýðsnefndar

Fundargerðir 19. og 20. fundar Menningar- og æskulýðsnefndar 2018-2022 og 2. fundargerð Menningar- og Æskulýðsnefndar 2022-2026 lagðar fram til kynningar.

13. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Fundargerð 591. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

14. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS)

Fundargerð 917. og 918. fundar stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga.

15. Fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita (UTU)

Fundargerð 97. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita lögð fram til kynningar.

16. Fundargerðir stjórnar Arnardrangs hses.

Fundargerð 2. og 3. fundar stjórnar Arnardrangs hses lagðar fram til kynningar.

17. Fundargerðir stjórnar Bergrisans

Fundargerð 49. og 50. fundar stjórnar Bergrisans lagðar fram til kynningar.

18. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands

Fundargerð 224. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands lögð fram til kynningar.

19. Dýraverndarsambandi Íslands- hvatning

Lögð fram til kynningar erindi frá Dýraverndarsamtökum Íslands þar sem sveitarfélög eru hvött til að koma villtum fuglum til aðstoðar.

Fundi slitið kl. 10. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 1. mars kl 09:00 í Árnesi.

9		4				5		
		7	8					
6			5					7
	3		1			4		6
1		6			8			
	4		3		9	2		8
			7	3				5
	6						7	
		8	4	5			6	2

		4	8	6			3	
		1					9	
8					9		6	
5			2		6			1
	2	7			1			
				4	3			6
	5							
		9				4		
			4				1	5

Kayak námskeið

HELGAR NÁMSKEIÐ

6.-7. MAÍ
13.-14. MAÍ

UM NÁMSKEIÐIÐ

Um er að ræða 2. daga helgar námskeið í maí fyrir byrjendur á straumvatnskayak.
Þar sem þið verðið tekinn vel út fyrir þægindaramman og kennt alveg frá grunni hvernig á að haga og skemmta sér við krefjandi aðstæður í straumvatni.
Og vinna sem einn hópur svo allir komi heilir heim.

FOR BOOKINGS CONTACT US:

8990772 secretlocal@secretlocal.is secretlocal.is